

Nd.

990. Breytingartillögur

[423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 19. gr. bætist: að fengnu samþykki ráðherra.
2. Á eftir 27. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé bankans. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar gagnvart viðskiptabanka í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann, þ. m. t. ábyrgðir sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæði 1.—2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.